



FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 12. september 2005, kl 17:15.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Gylfi Sigurðsson, Ólafur Elísson, Finnbogi Friðfinnsson, Bertha Johansen og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt eftir svolitlar breytingar.

1. Skólameistari fór yfir upphaf skóla og helstu breytingar:

Lögð var fram starfsáætlun haustannar 2005, sem hófst með skólasetningu mánud. 22. ágúst. Kennsla hófst 24. ágúst og voru þá 233 nemendur í skólanum (203 nem.ígildi). Dreift var upplýsingablaði þar sem fram kemur skipting nemendahópsins eftir brautum, kyni ofl. Tveir kennarar sem störfuðu við skólann á síðasta ári eru hættir eins og áður hefur komið fram og einn er í fæðingarorlofi. Talsverðar breytingar voru gerðar á skólahúsinu í sumar, ný kennarastofa, ný vinnuástaða kennara og tvær nýjar skrifstofur voru teknar í notkun og fundarmenn skoðuðu breytingarnar í fundarlok.

2. Starfið framundan.

Vinna er nú að hefjast við undirbúning að gerð stofnanasamnings, samkvæmt nýjum kjarasamningi KÍ við ríkið. Fyrstu skrefin eru að koma á fót samstarfsnefnd kennara og stjórnenda og senda hana á fræðslufundi sem fjármálaráðuneytið skipuleggur. Í umræðu um þetta komu fram áhyggjur hjá nefndarmönnum um að skapast gæti óeining innan skólans og hvatt var til þess að vanda mjög vinnu við þetta verkefni. Vinna við sjálfsmatsskýrslu heldur áfram, svo og við innleiðingu stefnumiðaðs árangursmats. Pungaprófsnámskeið er að hefjast með 11-12 þátttakendum.

3. Skýrsla um mat á skólastarfi í Vestmannaeyjum.

Skólameistari lagði fram lista yfir nokkur helstu atriðin úr skýrslunni, sem snúa beint að Framhaldsskólanum. Fundarmenn ræddu þessa punkta og hugsanleg viðbrögð við skýrslunni. Rætt var m.a. um að nýta þær ábendingar sem þarna koma fram á jákvæðan hátt fyrir skólann. Ákveðið var að skýrslan yrði fjölfölduð og send öllum nefndarmönnum, sem skoðuðu hana betur og umræðan yrði kláruð á næsta fundi.

4. Önnur mál.

- Skólameistari skýrði frá áætluðum fundi stjórnenda og skólanefndarformanns með fulltrúum menntamálaráðuneytis vegna áður nefndrar skýrslu um skóla og æskulýðsmál.
- Spurt var um hvort framkvæmdir í húsinu sl. sumar hefðu verið boðnar út. Í svari skólam. kom fram að þrátt fyrir ábendingar og óskir skólastjórnenda um að hraða undirbúningi, þá var svo seint farið af stað af hálfu Fasteigna ríkisins, sem sjá um viðhald og breytingar húsnæðisins, að ekki gafst tími til útboðs. Ítrekað var að skólinn beitti sér fyrir því að framkvæmdir væru boðnar út.
- Spurt var um fyrirhugaða könnun á gengi útskrifaðra nemenda. Spurningalisti til stúdenta fer út á þessari önn. Aðrir útskriftarnemar bíða um sinn.

Næsti fundur ákveðinn mánudag 10. október.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 19:00
Ólafur H. Sigurjónsson.